

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 135/256*  
*komudagur 20.11.2007*

Efnahags- og skattanefnd Alþingis  
Eiríkur Áki Eggertsson  
nefndarritari  
Alþingi  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 16. nóvember 2007  
2007110006/42-1-3  
SB/mfb

**Umsögn um tillögu til þingsályktunar um skattaávilnanir vegna rannsókn- og þróunarverkefna**

Vísað er til bréfs efnahags- og skattanefndar Alþingis, dags. 31. október sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um ofangreinda þingsályktunartillögu.

Náttúrufræðistofnun leggst ekki gegn því að heimila skattaávilnanir af því tagi sem tillagan gerir ráð fyrir. Stofnunin telur hins vegar að ef ákveðið verður að rýmka heimildir til skattaávilnunar þurfi sú rýmkun að vera mun viðtækari en þingsályktunartillagan gerir ráð fyrir og m.a. ná til styrkja sem einstaklingar og fyrirtæki veita til þjóðþrifamála svo sem til grunnrannsókna á íslenskri náttúru og á menningararfleifð þjóðarinnar, til náttúruverndar og menningarmála.

Virðingarfyllt



Jón Gunnar Ottósson  
forstjóri

